

Björn Hafsteinn Halldórsson
framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.12.2016
Málakliff	0823
Mál nr.	1612087



Kópavogsbær

Fennborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Kópavogi, 30. nóvember 2016

Efni: Beiðni um upplýsingar

Í erindi þínu, dags. 2. nóvember 2016, til Karls Eðvaldssonar deildarstjóra gatnadeildar Kópavogsbæjar ferð þú fram á Kópavogsbær fresti framkvæmd þróunarverkefnis um söfnun plasts frá íbúum.

Fram kemur í erindinu að verði verkefnið framkvæmt samkvæmt efni sínu muni það valda Sorpu bs. og eigendum þess beinu fjárhagslegu tjóni. Vísast þar til langtíma samninga við erlenda birgja sem muni „augljóslega“ krefjast bóta vegna minnkandi magns. Aukinheldur sé Sorpa bs. með samninga við verktaka um þjónustu við grenndargámakerfi Kópavogs og sveitarfélaganna sem væntanlega muni einnig fara fram á skaðabætur vegna minnkandi umsvifa. Auk þess sem tekjumissi er borið við.

Í erindinu eru settar fram fullyrðingar um beint fjárhagslegt tjón Sorpu bs. en enginn rökstuðningur fylgir fullyrðingunni. Til þess að undirrituðum sé unnt að taka afstöðu til erindisins er nauðsynlegt að þeir samningar sem Sorpa bs. er skuldbundin af liggja fyrir, enda grundvallast ætlað tjón Sorpu bs. á þeim samningum. Undirritaður fól bæjarlögmanni að afla tilvitnaðra samninga í erindi þínu en þau skilaboð koma til baka að nefndir samningar verði ekki afhentir af skrifstofu Sorpu bs.

Undirrituðum þykir ótækt að settar séu fram jafn alvarlegar órökstuddar fullyrðingar um meint tjón Sorpu bs. og eigenda þess. Á sama tíma séu varnir Kópavogsbæjar torveldaðar með því að takmarka aðgengi að grundvallarskjöllum er málið varða.

Undirritaður gerir þá kröfu að Sorpa bs. svari eftirfarandi spurningum skriflega:

1. Hvert er lágmarks magn, a.v. pappírs og h.v. plasts, á ársgrundvelli sem Sorpa bs. er skuldbundið af afhendingu á til erlendra birgja á grundvelli gildandi samninga?
2. Hversu miklu magni, a.v. pappírs og h.v. plasts, á ársgrundvelli hefur Sorpa bs. afhent til erlendra birgja á gildistíma samninga?
3. Hvert er lágmarks magn umsvifa, á ársgrundvelli, í samningum Sorpu bs. við innlenda samningsaðila vegna grenndargámakerfis?
4. Er Kópavogsbær skuldbundinn að afhenda Sorpu bs. allt hráefni sem kemur frá íbúum Kópavogsbæjar?
5. Hverjar voru áætlanir Sorpu bs. um magn söfnunar pappírs og plasts fyrir árið 2016, hver var staðan 1. desember 2016 og hver er áætlunin fyrir árið 2017?

Undirritaður óskar eftir því, þegar svör við ofangreindum spurningum liggja fyrir, að þú komir til fundar við undirritaðan þar sem farið verði yfir málið og gögn lögð fram. Fyrst þegar framangreint liggur fyrir verður unnt að ræða málið á eigendafundi þeim sem óskað hefur verið eftir af stjórn Sorpu bs.

Virðingarfyllst,

Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri

Afrit sent:
Stjórn Sorpu bs.
Frkvstj. eigenda Sorpu bs.

